

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2014 í máli nr. E-3590/2013:**

**A**

*(Ingólfur Kristinn Magnússon hdl.)*

**gegn:**

**íslenska ríkinu**

*(Óskar Thorarensen hrl.)*

Mál þetta sem dómtekið var 4. nóvember 2014 var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, 6. september 2013, af A, [...],[...] á hendur íslenska ríkinu, Arnarhváli, Reykjavík.

### **Kröfur aðila**

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 700.000 krónur ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur frá 3. október 2012 til 6. október 2013 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. s.l. frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist að íslenska ríkið verði dæmt til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi gerir þá kröfu aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Til vara krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

### **Atvik máls**

Hinn 17. september 2012 fór fram á vegum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, með aðstoð sérsveitar Ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á Suðurnesjum, húsleit í félagsheimili vélhjólaklúbbsins Outlaws að Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Í kjölfar húsleitarinnar bárust lögreglu upplýsingar frá nokkrum einstaklingum um að meðlimir klúbbsins teldu að lögreglumenn hefðu, við húsleitina, tekið ófrjálsri hendi fjármuni, sem verið hefðu í eigu stefnanda en geymdir í húsnaði klúbbsins. Að sögn heimildarmanna hafi í kjölfar fundarhalds meðlima klúbbsins verið ákveðið að hefja leit að þeim lögregluþjónum sem að húsleitinni hefðu staðið, í því skyni að brjótast inn á heimili þeirra, valda þeim eignaspjöllum, taka fjármuni í stað þeirra fjármuna sem lögreglan hefði tekið ófrjálsri hendi og valda viðkomandi lögregluþjónum og fjölskyldum þeirra líkamstjóni. Taldi lögregla sig hafa upplýsingar um að þegar væri búið að staðsetja heimili umræddra lögregluþjóna og að beita ætti meðlimum úr stuðningsklúbbum Outlaws, Black Pistons og Mongols við verkið. Lögreglan hafði afskipti af bifreið, sem ekið var um Reykjanesbæ, aðfaranótt 2. október 2012. Í bifreiðinni voru stefnandi, ásamt B, félagi í Black Pistons og C, mágkonu stefnanda, sem var ökumaður bifreiðarinnar. Við leit í bifreiðinni fannst bréfmíði með handskrifuðum skráningarnúmerum ómerktra lögreglubifreiða. Skýrði C lögreglu svo frá að hún vissi til þess að verið væri að leita að heimilum tiltekinna lögregluþjóna, þ.e. lögregluþjóna sem tekið hefðu þátt í húsleit lögreglu í félagsheimili Outlaws í september. Kvaðst C aðspurð ekki hafa ráðið för heldur hefði hún ekið eftir fyrirmælum farþeganna. Stefnandi tók hluta ökuferðarinnar upp á myndband og deildi myndunum í framhaldinu á fésbókarsíðu sinni. Stefnandi og áðurnefnd C munu í framhaldi af ökuferðinni, 2. október, hafa sammælt um að fara aðra ökuferð til Reykjanesbæjar, 4. október. Hinn 3. október sendi C stefnanda, á fésbók, nafnalista með nöfnum lögregluþjóna, sem að hennar sögn störfuðu hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Í ljósi framangreindra upplýsinga um að fyrirhuguð væri aðför að lögregluþjónunum, sem tekið hefði þátt í húsleitinni hjá Outlaws í september, framkvæmdi lögregla, á grundvelli dómsúrskurða, húsleit í félagsheimili Outlaws að Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði, 3. október 2012, og á heimilum og dvalarstöðum einstaklinga, sem taldir voru tengjast vélhjólaklúbbum, í því skyni að afla frekari upplýsinga um hvað fyrir dyrum stæði. Alls voru 16 einstaklingar handteknir í tengslum við rannsóknina, þ.á.m. stefnandi, sem þá var staddur í félagsheimili Outlaws. Stefnandi gaf skýrslu hjá lögreglu, 4. október. Við upphaf skýrslutökunnar var hann upplýstur um að hann væri grunaður um að hafa lagt á ráðin og skipulagt, ásamt félögum sínum í Outlaws, árás á heimili lögregluþjóna, sem tekið hefðu þátt í húsleitinni í félagsheimili Outlaws að Hvaleyrarbraut í september. Væri háttsemin talin varða við 106. gr., 217. gr., 218. gr. og 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1991, sbr. 175. gr. sömu laga. Að auki væri hann grunaður um vörslu fíkniefna, sem fundist hefðu við húsleit á heimili hans. Við yfirheyrsluna kaus stefnandi að svara ekki spurningum sem vörðuðu starfsemi Outlaws. Hann viðurkenndi hins vegar að vera fullgildur meðlimur í vélhjólaklúbbum. Hann neitaði alfarið að ráðagerðir hefðu verið uppi um aðgerðir gegn einstökum lögregluþjónum og kvaðst aldrei myndu hafa tekið þátt í slíkum aðgerðum. Slíkt hefði aldrei verið rætt innan klúbbsins. Aðspurður um ökuferðina, 2. október, kvað hann hana eingöngu hafa verið skemmtiferð og undir engum kringumstæðum verið liður á aðför að lögregluþjónum. Að ekið hafi verið til Reykjanesbæjar og um bæinn hefði verið ákvörðun C, ökumanns bifreiðarinnar.

Stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald 4. október frá þeim degi til 11. október með vísan til a-liðar 1. mgr. 95. gr. og b-liðar 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008 um

meðferð sakamála. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann með vísan til forsendna, sbr. dóm réttarins frá 8. október 2012 í máli nr. 638/2012. Við yfirheyrslur yfir áðurnefndri C hjá lögreglu, 5. október, kom fram að handskrifaði listinn, sem fundist hafði í bifreið hennar með upplýsingum um ómerktar lögreglubifreiðar, stafaði frá stefnanda. Einnig að stefnandi hefði lýst því yfir að hann ætlaði að ganga frá þeim lögregluþjónum, sem hann teldi að tekið hefðu fjármuni sína í húsleitinni í september. C staðfesti jafnframt að tilgangur ökuferðarinnar til Reykjanesbæjar, 2. október, hefði verið að afla gagna um hvar umræddir lögregluþjónar byggju. Hún tjáði lögreglu að farþegarnir í bifreiðinni, stefnandi og B, hefðu stjórnað ökuferðinni. B bar fyrir lögreglu, 4. október, að honum væri ekki kunnugt um að fyrirhugaðar væru aðgerðir gagnvart lögregluþjónum í þeim tilgangi að valda þeim líkamsmeiðingum og eignaspjöllum. Í skýrslu hans hjá lögreglu, 8. október, kom fram að stefnandi hefði stjórnað akstrinum um Reykjanesbæ, 2. október. Jafnframt hefði hann lagt á ráðin um aðra ferð til Reykjanesbæjar með þremur mönnum til viðbótar og hefði einn af þeim átt að vera á vélhjól og merktur, þ.e. í vesti merktu vélhjólaklúbbi. Stefnandi var yfirheyrður öðru sinni hjá lögreglu, 8. október 2012, þar sem fram komu sömu eða svipaðar upplýsingar og í fyrri yfirheyrslu. Stefnandi neitaði því enn að ökuferðin, 2. október, hefði verið farin til að afla upplýsinga um tiltekna lögregluþjóna og ítrekaði jafnframt að ökumaður bifreiðarinnar, C, hefði ráðið því að ekið var til Reykjanesbæjar í umrætt sinn. Ferðin hefði eingöngu verið drykkju- og skemmtiferð. Þá kvaðst hann ekkert kannast við bréfmiða, sem fundist hefði í bifreiðinni með upplýsingum um lögreglubifreiðar. Stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi 10. október. Með bréfi Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu, 11. apríl 2013, var stefnanda tilkynnt að rannsókn á hendur honum hefði verið hætt og málið fellt niður.

### **Málsástæður stefnanda og tilvísun til réttarheimilda**

Stefnandi byggir á því að hann hafi sætt ólöglegri handtöku og gæsluvarðhaldi þar sem þau skilyrði sem uppfylla þurfi til að handtöku og gæsluvarðhalds hafi ekki verið til staðar. Þá telji stefnandi að sá tími sem gæsluvarðhaldinu hafi verið markaður hafi verið of langur og réttindi hans skert með því að hann hafi verið látinn sæta einangrun. Þá telji stefnandi að ráðist hafi verið inn í einkalíf hans með særandi og ólöglegum hætti. Stefnandi hafi verið handtekinn, 3. október 2012, eftir að lögregla hafði að öllum líkindum vaktað fésbókarsamskipti hans við konu sem einnig hafi sætt gæsluvarðhaldi í tilefni af sömu rannsókn. Í tölvusamskiptum við stefnanda hafi konan sent honum lista fyrir lögregluþjóna, sem hún hafði fundið á netinu. Einnig hafi lögregla haft undir höndum bréfmiða sem konan hafði útbúið, að eigin sögn, að beiðni stefnanda. Stefnandi hafi ekkert sér til sakar unnið. Hann hafi ekki verið staðinn að neinu afbroti né verið með fikniefni eða vopn á sér. Engin vopn eða fikniefni hafi fundist í húsleit á heimili hans. Handtakan hafi verið harkaleg þar sem vopnaðir lögreglumenn hafi ráðist inn á heimilið og keyrt alla í gólfíð með miklu afli og hafi stefnandi eins og fleiri fengið áverka við handtökuna. Í skýrslutöku rúmum hálfum sólarhring eftir handtökuna hafi stefnandi neitað öllum sakargiftum og sagt lögreglumönnum frá öllu því sem hann vissi um sakargiftir og hann hafi getað skýrt frá. Í skýrslum af öðrum sakborningum megi

sjá að enginn hafi kannast við umræddar sakagiftir. Aðeins C hafi borið að árásir á lögreglumenn stæðu til. Virðist sem um ranghugmyndir af hennar hálfu hafi verið að ræða sem ekki hafi átt sér neina stoð í raunveruleikanum. Stefnandi hafi verið svo ólánsstur að hugmyndir lögreglu um hann og Outlaws vélhjólasmötökin hafi virst vera jafn fjarri raunveruleikanum. Telji stefnandi að hér sé um vænissýki að ræða og hann síðan verið sviptur grundvallar mannréttindum sínum á grundvelli mjög hæpinna sönnunargagna. Stefnandi telji að vöktun lögreglu á fésbókarsamskiptum hans hafi verið ólöglegt enda beri rannsóknargögn með sér að þau hafi ekki verið lögð óbreytt fyrir dómara til að fá rannsóknarúrskurði. Virðist þau hafa verið lögð fyrir í formi SMS samskipta sem þau hafi ekki verið. Í 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála komi fram að maður sem borinn hafi verið sökum í sakamáli eigi rétt til bóta skv. 2. mgr., ef mál hans hafi verið felld niður. Í 2. mgr. sömu greinar segi að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX-XIV. kafla ef skilyrði 1. mgr. séu fyrir hendi. Skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt og eigi stefnandi því rétt til bóta. Að mati stefnanda hafi brotið skilyrði til að hneppa hann í gæsluvarðhald þar sem í fyrsta lagi hafi rökstuddur grunur ekki verið fyrir hendi en að auki hafi ekkert þeirra atriða sem kveðið sé á um í a-c liðum 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verið fyrir hendi. Í 2. málslíð 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála komi fram sú undantekningarregla að þó megi fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Stefnandi telji að túlka beri þetta ákvæði þröngt í ljósi ákvæðis 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sem kveði á um að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Sé sú túlkun einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hlotið hafi lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, um að hver maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð. Jafnframt telji stefnandi að ráðist hafi verið gróflega inn á einkalíf hans með vöktun á samskiptum, bæði í síma og á fésbók, sbr. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi hafi ekki framið þau brot sem honum hafi verið gefin að sök. Hann hafi neitað sök frá upphafi auk þess sem hann hafi greint lögreglu greiðlega frá því hve fráleitir hann hafi talið sakagiftir á hendur sér vera. Ekkert sé fram komið í málinu sem réttlætt geti að bætur til hans verði lækkaðar, hvað þá felldar niður að öllu leyti. Þá telji stefnandi að sama skapi fráleitt að byggja nokkuð á því að hann hafi ekki verið samvinnufús þar sem hann hafi ekki tjáð sig um Outlaws vélhjólaklúbbinn. Engar haldbærar sannanir liggja fyrir í máli þessu um að stefnandi eða klúbburinn og meðlimir hans hafi verið viðriðnir þær alvarlegu sakargiftir sem bornar hafi verið fram. Það að þeir sem sækja félagsheimilið séu bundnir trúnaði um hvort þeir séu í klúbbnum eða hvert sé innra starf hans og hvað aðhafst sé á fundum gefi enga vísbendingu um að eitthvað ólöglegt fari þar fram. Ýmiskonar starfsemi hvíli á nafnleyndargrunni s.s. AA-samtökin, sem vinni þjóðþrifaverk. Þá hvíli jafnframt leynd yfir innri starfsemi Frímúrarareglunnar og Oddfellow stúkunnar. Slíkur félagsskapur yrði seint notaður gegn meðlimum þeirra félaga og eigi það sama að gilda um mögulega aðild að vélhjólaklúbbi. Samkvæmt 5. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skuli bæði bæta fjártjón og miska. Stefnandi krefjist 700.000 króna í miskabætur. Í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé fjallað um miskabætur. Þar segi meðal annars að „heimilt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ber ábyrgð á ólöglegri meingerð gegn frelsi friði, æru eða persónu manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við“. Stefnandi telji að stefndi hafi brotið gróflega gegn sér og sé því krafa hans um 700.000 krónur afar hófleg enda hafi stefnandi verið handtekinn og látinn sæta gæsluvarðhaldi og því sviptur frelsi sínu í heila viku. Þá hafi málið fengið verulega athygli fjölmiðla sem jafnframt hafi valdið stefnanda

tjóni. Kröfu um dráttarvexti styðji stefnandi við III. og IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Um lagarök vísi stefnandi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars og stjórnarskrár lýðveldisins um þvingunaraðgerðir. Þá vísi stefnandi til ákvæða laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sérstaklega 228. gr. Þá vísi hann til reglna skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum til 26. gr. um miskabætur. Þá sé vísað til almennu sakarreglunnar á sviði skaðabótaréttar. Þá vísi stefnandi til 67. gr., 70. gr. og 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 97/1995. Loks vísi hann til 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Kröfu um málskostnað styðji stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Varðandi varnarþing vísist til 32. gr. laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður stefnda og tilvísun til réttarheimilda**

Stefndi byggir á því að stefnandi hafði, áður en til handtöku hans kom, verið með yfirlýsingar um að hann hyggði á hefndir gagnvart tilteknum lögregluþjónum og hann haldið í ferð til Reykjanesbæjar í því skyni að afla upplýsinga um heimili þessara lögregluþjóna. Fyrir hafi legið samskipti hans á fésbók þar sem hann hafi fengið í hendur lista með nöfnum lögregluþjóna og að í bígerð væri önnur ferð til Reykjanesbæjar í því skyni að „traðka á“ lögreglumönnum. Fyrir hafi legið rökstuddur grunur um fyrirhugaðar árásir á lögregluþjóna og því fullt tilefni verið til handtöku stefnanda. Eftir handtöku hafi stefnandi verið mjög ósamvinnuþýður, málsatvik nokkuð óljós og rannsókn málsins á frumstigi. Gerð hafi verið krafa um gæsluvarðhald þar sem stefnandi hafi verið undir rökstuddum grun um aðild að fyrirhuguðum árásum á lögreglumenn og fjölskyldur þeirra og talið verið að ef hann héldi óskertu frelsi sínu gæti hann torvelað rannsókn málsins. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi með háttsemi sinni, áður en til handtöku og gæsluvarðhalds kom og á meðan hann sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins, stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sína á og eigi því að fella niður bætur skv. 2. málslíð 2. mgr. 228. gr. sakamálalaga nr. 88/2008, komi yfirhöfuð til greina að dæma bætur í málinu og ef talið verði að ákvæði 228. gr. laga nr. 88/2008 eigi við. Samkvæmt úrskurðum sem stefndi leggi fram komi fram hjá lögreglu að Outlaws sé skilgreint af lögreglu hér á landi og víðast hvar í heiminum sem skipulögð brotasamtök. Stefndi vísi í þessu sambandi til þeirra sjónarmiða sem fram komi í greinargerð sinni í málinu en lögð sé áhersla á að stefndi sé meðlimur í Outlaws og hafi þannig samsamað sig markmiðum þeirra samtaka. Þó stefnandi vísi öllu frá sér í stefnu þá byggir stefndi á framburðum m.a. C og B. Þá sé m.a. bent á að fíkniefni hafi fundist í húsnæði klúbbsins. Telji stefndi að horfa verði á málið frá sjónarhóli lögreglu á þeim tíma sem aðgerðir þessar hafi átt sér stað. Stefndi mótmæli því að stefnandi hafi verið samvinnuþýður og svarað spurningum greiðlega. Stefndi byggir á því að túlka eigi niðurfellingar- og lækkunarheimild 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 þröngt. Stefndi sé ósammála því. Vísist til framlagðra gagna í málinu og til framangreindra atriða. Stefndi hafi sönnunarbyrði fyrir öllu sem bótakröfu hans viðkomi m.a. um sök, ólögmati, sennilega afleiðingu, orsakasamband o.fl. Stefndi vísi til niðurstöðu dómstóla í úrskurðum/dómum sem liggja fyrir í málinu. Rökstuddur grunur hafi verið fyrir hendi um aðild stefnanda að málinu og fullnægt skilyrðum fyrir aðgerðum lögreglu að öllu leyti. Meðal lögbundinna hlutverka

lögreglu samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sé að vinna að uppljóstrun brota og fylgja málum eftir. Á því sé byggt af hálfu stefnda að lögregla og yfirvöld hafi staðið eðlilega að öllum þáttum rannsóknar en einnig að vistun stefnanda. Yfirvöld hafi ekki brotið gegn stjórnarskrá, lögum né öðrum réttarheimildum í þessu máli. Því sé mótmælt að ráðist hafi verið inn í einkalíf stefnanda með særandi og ólögumætum hætti, eins og það sé orðað í stefnu. Á því sé byggt að stefnanda hafi ekki verið haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsynlegt hafi verið. Á því sé byggt að allar aðgerðir lögreglu og yfirvalda hafi verið löglegar og nauðsynlegar og að fullt tilefni hafi verið til þeirra og þær ekki gengið lengra en nauðsynlegt hafi verið. Ætla verði lögreglu og yfirvöldum lágmarks svigrúm til rannsóknar mála. Byggt sé á því að lögregla og yfirvöld hafi nýtt tímann vel meðan stefnandi hafi verið í gæsluvarðhaldi, til rannsóknar málsins og annarrar vinnslu þess. Stefndi mótmæli öllum kröfum og málsástæðum stefnanda. Málskostnaðarkrafa stefnda sé reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Varakröfu stefnanda um lægri fjárhæð sé mótmælt. Vísist í því sambandi til þess sem segi hér að framan. Stefndi mótmæli kröfum og öllum málsástæðum stefnanda. Verði ekki fallist á kröfur stefnda um sýknu krefjist stefndi þess til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður. Vegna varakröfu vísi stefndi til allra sömu málsástæðna og sjónarmiða og áður hafi verið rakin varðandi aðalkröfu stefnda. Með vísan til sömu sjónarmiða og raka og fram komi varðandi aðalkröfu telji stefndi að lækka eigi bætur þar sem stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, sbr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Dráttarvaxtakröfu sé mótmælt. Mótmælt sé upphafstímamarki dráttarvaxtakröfu. Mótmælt sé að reikna eigi dráttarvexti af heildarkröfu frá fyrsta degi gæsluvarðhalds. Krafa stefnanda hafi fyrst komið fram með stefnu. Fallist dómurinn á að dæma dráttarvexti, þá sé á því byggt að þeir geti fyrst byrjað að falla á mánuði eftir birtingu stefnu í málinu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

## **Forsendur og niðurstaða**

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda, íslenska ríkið, um miskabætur vegna meintrar ólögmatrar handtöku, 3. október 2012, vegna meints ólögmatrs gæsluvarðhalds, er hann hafi þurft að sæta frá 4. til 10. október 2012, vegna meintrar ólögmatrar einangrunar hans í gæsluvarðhaldinu og vegna þess að ráðist hafi verið inn í einkalíf hans með særandi og ólögumætum hætti. Hvað lagarök til grundvallar bótakröfunum varðar vísar stefnandi einkum til 1. og 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennu sakarreglunnar. Þá vísar stefnandi enn fremur til 67. gr., 70. gr. og 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá byggir stefnandi á því að skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi stefnanda, á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, hafi ekki verið fyrir hendi.

Af hálfu stefnda er á því byggt að skilyrði fyrir handtöku stefnanda hafi verið til staðar, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Þá hafi skilyrði 2. mgr. 95. gr. s.l. verið til staðar meðan stefnandi hafi setið í gæsluvarðhaldi. Þá hafi stefnandi stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á og eigi því ekki rétt á bótum, sbr. 2.

ml. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Eins og áður er rakið var mál á hendur stefnanda fellt niður með bréfi Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu, dagsettu 11. apríl 2013, með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008, þar sem talið var, með hliðsjón af rannsóknargögnum, að það sem fram væri komið þætti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis.

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 á maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins, m.a. ef mál hans hefur verið fellt niður. Samkvæmt 2. mgr. skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.-XIV. kafla laganna, sem m.a. nær yfir handtöku og gæsluvarðhald, ef skilyrði 1. mgr. ákvæðisins eru fyrir hendi. Þó er sá fyrirvari gerður í 2. ml. 2. mgr. að bætur megi fella niður eða lækka, ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á. Af framangreindu leiðir að úrlausn þess hvort stefnandi hafi fyrirgert þeim rétti til bóta, sem mælt er fyrir um í fyrri málslið 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, eða hvort bætur skuli sæta lækkun, veltur á því hvort stefnandi hafi í skilningi 2. ml. 2. mgr. 228. gr. valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem bótakröfur hans eru reistar á. Er í þessu sambandi til þess að líta að ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem stefnandi vísar einnig til, bótakröfu sinni til stuðnings, ber að túlka með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 175/2000 og nr. 601/2012.

Þegar stefnandi var handtekinn, 3. október 2012, í húsnæði vélhjólaklúbbsins Outlaws, var hann grunaður um að hafa lagt á ráðin um aðför að lögregluþjónum, sem þátt höfðu tekið í leit í húsnæði klúbbsins í september. Taldi lögregla sig hafa vitneskju um að ætlunin væri að ryðjast inn á heimili umræddra lögregluþjóna, ræna þar verðmætum, vinna spjöll á eignum og ráðast á viðkomandi lögregluþjóna og fjölskyldur þeirra. Er því ljóst að nægt tilefni var til að handtaka stefnanda við húsleitina, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, enda rökstuddur grunur um brot sem sætt gat ákæru og handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir brot, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Þá verður ekki gegn andmælum stefnda talið sannað að stefnandi hafi sætt sérstöku harðræði við handtökuna líkt og hann heldur fram eða hún verið framkvæmd á óþarflega særandi, móðgandi eða hættulegan máta. Ekki er því fallist á að skilyrði séu til þess að fella bótaábyrgð á stefnda vegna handtökunnar á grundvelli almennu skaðabótareglunnar eða 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Eins og rakið hefur verið var stefnandi í Héraðsdómi Reykjaness, 4. október 2012, á grundvelli rannsóknarhagsmuna, sbr. a-lið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, úrskurðaður í gæsluvarðhald frá þeim degi til 11. október 2012 vegna gruns um aðild að fyrirhugaðri árás á lögregluþjóna. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann með vísan til forsendna, sbr. dóm í málinu nr. 638/2012. Þegar úrskurður Héraðsdóms Reykjaness var kveðinn upp var stefnandi grunaður um brot, sem fangelsisrefsing gat legið við. Voru fjölmargir einstaklingar taldir geta tengst brotinu og því réttmætt að álíta að gengi stefnandi laus gæti hann torvelað rannsókn málsins. Voru lög mælt skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi því til staðar, sbr. 1. mgr. 95 gr. laga nr. 88/2008. Er þeirri málsástæðu stefnanda að ekki hafi verið heimilt að úrskurða hann, 4. október, í gæsluvarðhald á grundvelli 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 því hafnað. Voru þá einnig uppfyllt skilyrði þess að stefnandi yrði látinn sæta einangrun í gæsluvarðhaldinu, sbr. 2. mgr. 98. gr. laga nr.

88/2008.

Stefnandi sat í gæsluvarðhaldi til 10. október. Meðan á gæsluvarðhaldinu stóð var lögregluskýrsla tvisvar tekin af honum þ.e. 4. og 8. október. Stefnandi kaus að svara ekki ýmsum spurningum lögreglu, er vörðuðu starfsemi vélhjólaklúbbsins Outlaws, og nýtti sér þannig rétt sinn skv. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008. Hins vegar neitaði hann því alfarið að hann hefði lagt á ráðin um framangreinda aðför að lögregluþjónum, sem búsettir voru í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Stangaðist framburður hans í þeim efnum á við framburð mágkonu hans, C, hjá lögreglu. Fallast verður á það með stefnda að umrædd rannsókn, sem m.a. beindist að stefnanda, hafi verið bæði umfangsmikil og tímafrek enda hafi þurft að kanna samskipti fjölda einstaklinga og samskiptatæki þeirra. Þá stangaðist framburður stefnanda í veigamiklum atriðum á við framburð annars sakbornings eins og áður er rakið. Verður því ekki talið að stefnandi hafi sætt gæsluvarðhaldi lengur en efni stóðu til.

Kemur þá til athugunar hvort stefnandi hafi með hegðun sinni stuðlað að því að hann var handtekinn og látinn sæta gæsluvarðhaldi, sbr. 2. ml. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 þannig að fella eigi bætur til hans niður eða lækka þær.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi eigi sjálfur sök á framangreindum rannsóknaraðgerðum. Þannig hafi C, ökumaður bifreiðarinnar sem notuð hafi verið í ferðinni til Reykjanesbæjar, 2. október, borið hjá lögreglu að ferðin hafi skv. fyrir mælum stefnanda verið farin til að kanna hvar þeir lögregluþjónar byggju sem stefnandi hafi talið sig eiga sökótt við í framhaldi af húsleitinni í félagheimili Outlaws í Hvaleyrarholti í september. Þá hafi stefnandi í fésbókarsamskiptum við nefnda C talað um að traðka á lögregluþjónum. Stefnandi hafi viðurkennt að vera félagi í vélhjólaklúbbum Outlaws en sá félagsskapur sé af lögregluþyrfdum víða um heim skilgreindur sem skipulögð glæpasamtök. Þá hafi stefnandi í skýrslum sínum hjá lögreglu, 4. og 8. október, reynst ósamvinnuþýður og neitað ítrekað að gefa upplýsingar um starfsemi vélhjólaklúbbsins Outlaws. Þá hafi bréfmíði með númerum ómerktra lögreglubifreiða fundist við leit í bifreiðinni og C borið að miðinn væri frá stefnanda.

Stefnandi hefur bæði í skýrslum hjá lögreglu og fyrir dómi við aðalmeðferð málsins neitað því alfarið að hafa viðhaft þau ummæli sem höfð eru eftir C í tilvitnuðum lögregluskýrslum. Nefnd C var ekki kölluð til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins. Gegn eindregnum andmælum stefnanda verður ekki talið sannað að hann hafi viðhaft þau ummæli sem á hann hafa verið borin og að framan eru rakin. Þá hefur stefnandi staðfastlega neitað því að framangreindur bréfmíði með upplýsingum um lögreglubifreiðar sé frá honum kominn. Verður stefndi að bera sönnunarbyrðina fyrir sönnunarskortu í þeim efnum. Þá hefur ekki verið sannað, gegn eindregnum andmælum stefnanda, að ökuferðin til Reykjanesbæjar, 2. október, hafi verið farin í þeim tilgangi að staðsetja heimili lögregluþjóna til undirbúnings aðför að heimilum þeirra, þeim sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Að öllu framangreindu virtu hefur stefnda ekki tekist að sanna að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar í málinu á, sbr. 2. ml. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Þykir hann því eiga rétt til bóta úr hendi stefnda skv. 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 1. ml. 2. mgr. greinarinnar. Þykja þær með hliðsjón af atvikum öllum hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Um vexti

fer samkvæmt því sem í dómsorði greinir. Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í máli þessu samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 7. október 2013. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er þóknun lögmanns hans, Ingólfs Kristins Magnússonar héraðsdómslögmanns, sem telst hæfilega ákveðin 750.000 krónur greiðist úr ríkissjóði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### Dómsorð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 350.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. október 2012 til 6. október 2013 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er þóknun lögmanns hans, Ingólfs Kristins Magnússonar héraðsdómslögmanns, 750.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Þórður S. Gunnarsson